


Sjálfsmatsskýrsla Rimaskóla 2023-2024

Annáll í myndum er [hér](#)

Um sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr 35 og 36 og aðalnámskrá grunnskóla 2011, almennum hluta ber skólanum að gera formlegt sjálfsmat og gefa út í sjálfsmatsskýrslu.



Markmið matsins er að fylgjast með og bæta árangur og gæði skólastarfsins.

Sjálfsmat í Rimaskóla

Verið er að innleiða sjálfsmat með grunnskólunum í “Austur” hverfi Reykjavíkurborgar. Skólinn metur stöðu sína með [gæðaviðmiðum MMS](#), rýnt er í tvo þætti á ári. Til að halda utan um niðurstöður er notast við rafrænt kerfi sem kallast “[Bravo lesson](#)”.

Einnig er rýnt í niðurstöður úr öðru mati s.s. Skólapúlsinn, Foreldrakönnun SFS, Stofnun ársins, Hagir og líðan, Íslenska æskulýðsrannsóknin.

Auk þessa er púlsinn tekinn í starfsmannasamtölum, á skólaráðsfundum og á kennara/starfsmannafundum.

Ákveðið var að gera áætlun um það sem metið yrði en líka áætlun um fagleg skref á skólaárinu sem sjá má [hér](#)


Samantekt á mati 2023-2024

Skólaárið 2022-2023

- Unnið var með þættina sem skoðaðir voru á skólaárinu á undan en það voru:
 - 2.2. Árangur náms og 2.6 Ábyrgð og þátttaka.
- Umbótaætlun með þeim þáttum ásamt niðurstöðum úr könnunum frá SFS varðandi vinnustaðakannanir, foreldrakannanir og aðrar kannanir var útbúin og sett saman í [matsáætlun](#). Hún var notuð til grundvallar til umbótastarfs á skólafarfinu.

Gæðaviðmið MMS - Árangur náms

Árangur náms felst í því að allir nemendur geti sýnt framfarir í námi og að markvisst sé fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þegar þörf er á. Fagpróunarteymi fór yfir niðurstöður matsfunda með starfsfólki og sett var saman umbótaáætlun sem lesa má [hér](#).




Hóparnir fóru yfir að það væri þörf á að samræma betur form þannig að kennsluáætlanir, hæfniviðmið og námsmat væri skýrt í námsgreinum. Þetta var skoðað í vetur og full vinna fer í gang með nýrri aðalnámskrá.

Sameiginlegar niðurstöður námsmats og hvernig við nýtum niðurstöður til að efla árangur. Ákveðið að halda fagfundi tvisvar á önn, efla leiðsagnarnámið.

Hvernig eflum við framfarir nemenda í læsi. Erum með virkt lestrarteymi. Unnið markvisst að læsi og lestri á öllum stigum og við bættum okkur. Sjá [hér](#).

Gæðaviðmið MMS – Ábyrgð og þátttaka

Í þessum þætti er skoðað nemendalýðræði, að markvisst sé leitað að samráði. Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði er virkt í skólanum, með samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólastarfs. Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Fylgst er með námsframvindu og brugðist við þegar á þarf.



Þegar farið var yfir gátlista yfir Ábyrgð og þátttöku þá kom fram að bæta þurfti hvernig við skráum og höfum gagnsætt verklega um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað. Sett var í gang félagsmálakennarar sem héldu utan um nemendaráð og leituðu eftir sjónarmiðum. Einnig skrifaði skólinn undir að verða Réttindaskóli.


Skólaárið 2023-2024

- Unnið var með þættina 2.1 Inntak og námskrár og 1.2 Faglegt samstarf og umræða
- Umbótaáætlun var sett saman og Fagpróunarteymi fór með stjórnendum í útfærslu. Umbótaáætlun er hér (setja inn þegar hún er klár)

Gæðaviðmið MMS - Stjórnun og fagleg forysta

Starfsfólk ræddu í hópum og mátu stöðuna og settu niður

[Hér](#) má sjá samantekt á niðurstöðum.



Hér kom fram óskir um að skerpa á “Faglegu samstarfi og samræðu” Í umbótaáætlun næsta árs fóru þættir sem snúa að ígrundun og faglegu samstarfi. Ekki gafst tími til að hrinda í framkvæmd vegna tíma en verður endurmetið á næsta ári.

Gæðaviðmið MMS – Inntak og námskrár

Starfsfólk ræddu í hópum og mátu stöðuna og settu niður

[Hér](#) má sjá samantekt á niðurstöðum.



Hér kom fram að við þyrftum mögulega að samræma betur áætlanir á milli skólastiga, athuga með að afmarka hæfniviðmiðin, búa til betri samfellu á milli nemenda með sérþarfir og efla heimasíðu.

Þessi atriði verða tekin betur fyrir skólaárið 2024-2025 þegar ný aðalnámskrá verður útfærð og ný heimasíða kemur í ljós.

Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar


Reykjavíkurborg tók þátt í könnuninni Stofnun ársins fyrir starfsfólk borgarinnar.

Markmið könnunarinnar er að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun starfsstaða starfsfólki og stjórnendum til hagsbóta.

Könnunin er byggð upp á níu þáttum.

Þættir	Fjöldi spurninga	Vægi af heild
Stjórnun	10	15%
Starfsandi	3	12%
Launakjör	3	10%
Vinnuskilyrði	7	13%
Sveigjanleiki í vinnu	5	9%
Sjálfstæði í starfi	4	8%
Ímynd stofnunar	3	10%
Ánægja og stolt	4	11%
Jafnrétti	6	13%

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðva á sama sviði



Skólapúlsinn

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið. Val spurninga byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum, kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar.

Niðurstöður einstakra matspáttu eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (e. stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalníukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Vísar rannsóknir sér um fyrirlögn og vinnslu gagna.

Rimaskóli leggur fyrir nemendakannanir annað hvert ár. Þetta árið var ekki könnun Skólapúlsins lögð fyrir.

Foreldrakönnun Reykjavíkur 2023-2024

Annað hvert ár leggur Skóla og frístundasvið fyrir kannanir á viðhorfum foreldra í grunnskólum. Vísar ehf sá um fyrirlögn en úrvinnsla var í höndum Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður eru birtar á kvarðanum 1-5 þar sem hærra tala er ávallt ákjósanlegri.

Svarhlutfall í Rimaskóla var að þessu sinni 71.1%



Svarhlutfall og bakgrunnur barnanna

Skóli

Rimaskóli

106

Fjöldi svara


149

Fjöldi í úrtaki


71.1%

Svarhlutfall


Kyn eins og skráð í mentor



Skólastig eins og skráð í Mentor



Tungumálabakgrunnur skv. svörum foreldra



Athugið:

Niðurstöður eru ekki brotnar niður eftir bakgrunnsbreytum ef 5 eða færri svör eru að baki hverju svari

Eingöngu íslenska Íslenska ásamt öðru tungumáli Eingöngu annað tungumál




Barnið og líðan - meðalskor

Skóli

Rimaskóli



● Meðaltal 2024 ● Meðaltal Reykjavík




Nám og kennsla - meðalskor

Skóli

Rimaskóli



● Meðaltal 2024 ● Meðaltal Reykjavík





Stjórnun skólans - meðalskor

Skóli

Rimaskóli



● Meðaltal 2024 ● Meðaltal Reykjavík


5

4

3

2

1



Umbótaáætlun fyrir 2024-2025

Umbótaáætlun

- Hér má sjá þau svið sem taka á umbótum í Rimaskóla:
[Umbótaáætlun Rimaskóla](#)